



Reykjavík 25. mars 2024

Velferðarnefnd Alþingis

Neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðsla viðbragðsaðila

222. mál, þingsályktunartillaga

Umsögn Neyðarlínunnar ohf.

Neyðarlínan tekur undir mikilvægi þess að komið verði á fót neyðargeðheilbrigðisteymi og að því verði tryggð fjármögnun. Jafnframt lýsir Neyðarlínan sig tilbúin að koma að frekari mótun verkefnisins og þátttöku í framkvæmd þess þegar/ef af því verður.

Starfsfólk Neyðarlínunnar myndi gjarnan vilja geta þjónustað fólk með geðræðan vanda, fólk með fíknivanda og/eða samþættan vanda betur en nú er gert og í raun má segja að það ákall fari vel með þeirri þingsályktunartillögu sem hér birtist.

Það er ljóst að hér er ekki um einfalt verkefni að ræða og afar mikilvægt að orðum fylgi efndir í formi fjármagns, fræðslu og mótun verklags sbr. tillögunna.

Það er afar mikilvæg að vel sé vandað til verka strax í upphafi og að fræðsla til viðbragðsaðila verði tryggð en jafnframt að vel sé vandað til verka við þá matsgerð sem grundvallar það mat sem neyðavörðum verður ætla að vinna eftir í framkvæmdinni.

Við áframhaldandi umfjöllun afgreiðslu þessa máls er afar brýnt að allir hlutaðeigandi átti sig á því að geðræn veikindi og fíknisjúkdómar spyrja ekki um staðsetningu. Því þarf að tryggja að allir íbúar landsins hafi aðgang að þeirri þjónustu sem hér er lagt til að verði að veruleika. Slík þjónusta þarf að vera samræmd og samhæfð óháð fjárveitingum eða umdæmismörkum heilbrigðis- og/eða lögregluumdæma

Virðingarfyllst
Neyðarlínan ohf.

Jón Svanberg Hjartarson
framkvæmdastjóri